

Menntaskólinn í Reykjavík



Kennsluáætlun: Þýska á málbraut (ÞÝSK1CF12, haustönn 2020)

Kennari: Stefanie Meyer (SM)

Markmið:

Eftir fyrsta hæfniprepið í þýsku A1 er ætlast til þess að nemandinn hafi:

- öðlast góðan skilning á daglegu talmáli þegar talað er við hann hægt og skýrt með almennum orðaforða.
- kynnst nokkrum grunnatriðum um staðhætti og líf fólks á þýska málsvæðinu.
- öðlast færni í að lesa ýmis konar texta sem viðkemur eigin áhugasviði eða texta um kunnugleg efni og beita viðeigandi aðferðum við lesturinn.
- þjálfast í að taka þátt í almennum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og geti beitt kurteisvenjum, málvenjum og hljómfalli við hæfi.
- öðlast færni í að tjá sig munnlega í einföldum setningum af nokkru öryggi, t.d. um afmarkað efni sem verið hefur til umfjöllunar.
- lært aðferðir og aukið færni sína í að bæta við nýjum orðaforða.
- öðlast þjálfun í að tjá sig skriflega með nokkuð rétttri stafsetningu og rétttri notkun forsetninga og falla í aðal- og aukasetningum, í nútíð, þátíð og núliðinni tíð.
- geti skrifað bréf/tölvupóst og stutt samtöl sem tengjast efni kennslubókar og efni sem tengjast nemandanum sjálfum.

Kennslugögn: DaF kompakt neu, Deutschmappe I

| Vika | Viðfangsefni | Verkefni og próf |
|--------------------|--|--|
| 24.08. – 04.09.20 | Lektion 1: Ich und die anderen Grammatik: Beyging veikra sagna í nútíð: <i>kommen, wohnen, heißen, arbeiten</i> Beyging <i>sein, haben</i> í nútíð Spurningar og spurnarorð <i>wo-</i> | |
| 07.09. – 25.09. 20 | Lektion 2: Menschen und Dinge Grammatik: Neitun: <i>nicht, kein-</i> Fallbeyging nafnorða með ákveðnum og óákveðnum greini Beyging eignarfornafna | Kaflapróf (1., 2. Lektion) Ritunarverkefni <i>Meine Familie</i> |
| 28.09. – 02.10.20 | Kurzgeschichte <i>Das Idealpaar</i> | Verkefni tengt smásögu |
| 05.10. – 16.10. 20 | Lektion 3: Studentenleben | |

| | | |
|-------------------|--|--|
| | <p>Grammatik: Kyn nafnorða - aðalreglur Eintala og fleirtala nafnorða Beyging sagna <i>haben, sein</i> þátíð Beyging persónufornafna Aðaltenging <i>und</i></p> | |
| 19.10. – 30.10.20 | <p>Lektion 4: Wirtschaft trifft Kultur</p> <p>Grammatik: Beyging núþálegra sagna í nútíð Aðaltengingar (aduso): <i>aber, denn, und, sondern, oder</i> Núliðin tíð með veikum sögnum</p> | <p>Kaflapróf (3., 4. Lektion) Haustfrí 22., 23.10.</p> |
| 02.11. – 13.11.20 | <p>Lestrabók „Spannende Tour im Schwarzwald“</p> <p>Grammatik: Sterkar sagnir Sagnir með lausu forskeyti Beyging nafnorða Núliðin tíð (veikar sagnir)</p> | <p>Verkefni tengt sögu</p> |
| 16.11. – 20.11.20 | <p>Märchen</p> | <p>Verkefni tengt ævintýri</p> |
| 23.11. - 27.11.20 | <p>Munnlegt próf Upprifjun</p> | |

Námsmat:

Símat

- Kaflaprófin: 40%
- Smápróf og virkni í tímunum: 40%
- Munnlegt próf: 20%

* Þessi námsáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.